

Fundargerð 15. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 23. júní, kl. 16:15 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir, Gylfi Ingvarsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.
Helga Ingólfssdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Kærunefnd útboðsmála, Sólvangur hjúkrunarheimili, hönnun og ráðgjöf, kæra.
Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður mætti á fundinn fór yfir málið.
Með vísan til niðurstöðu kærunefndar útboðsmála í máli nr. 3/2016 er ákveðið að ganga til samninga við Úti og Inni sf og Landform ehf á grundvelli útboðs sem auðkennt er „Hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi.“ Þau sjónarmið sem liggja að baki þeirri ákvörðun eru m.a. að verkefnið þoli ekki frekari bið, mikilvægi þess að hrinda verkefninu í framkvæmd og bæta gæði hjúkrunarheimila í Hafnarfirði.
2. Verk- og tímaáætlun vegna hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.
Fyrir fundinum liggur minnisblað frá Sigurði Haraldssyni, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu, dagsett 23. júní 2016. Fram kemur að ef gert er ráð fyrir að opna hjúkrunarheimilið að Sólvangi vorið 2018 þarf að þjappa saman hönnun og verkframkvæmd. Áriðandi er að fá aðalhönnuði að verkefninu sem fyrst og þegar forteikningar liggja fyrir þarf að fá hönnuði að verkfræðipáttum verkefnisins. Ljóst er að verkefnisstjóri og hönnunarstjóri þurfa að rýna verkþætti m.t.t. tímarammans.

Fram kemur að hægt er að leysa þetta verkefni innan þessa tímaramma, því að nokkur slaki var á verkefninu, en þá þarf verkefnisstjórnin að vera tilbúin til að taka ákvarðanir til dæmis vegna forhönnunar, jarðvinnu og ýmissa útboða.

Arkitekt og hönnunarstjóri setja niður ítarlega verkáætlun og kallar sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu eftir að verkáætlun liggja fyrir sem fyrst.

Fundi slitið kl. 17:00.